

Borgarstjórn
6. júní 2017

Ályktunartillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna endurskoðunar reglugerðar um leigubifreiðar

Borgarstjórn fer þess á leit við samgönguráðherra að hann endurskoði reglugerð um leigubifreiðar og leiti leiða til að draga úr aðgangshindrunum í greinina til að bregðast við aukinni þjónustuhörf og draga úr ólöglegum akstri.

Greinargerð

Frá 2003 hefur verið kveðið á um með reglugerð að aðeins 520 leigubílar skuli vera á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir gríðarlega fólks- og ferðamannafjölgun. Líkur eru á því að afnám kvóta á leigubíla myndi lækka verð, stytta biðtíma, bæta þjónustu og draga úr ólöglegum akstri gegn gjaldi. Smáforrit sem auðvelda fólki að nota leigubíla hafa rutt sér rúms í fjölda borga og sjálfsagt er að leyfa notkun slíkra forrita hér á landi. Tilkoma sjálfkeyrandi bíla í nálægri framtíð kallar einnig á endurskoðun þessara mála.